

Nd.

38. Frumvarp til laga

[38. mál]

um breyting á lögum nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

Flm.: Einar Sigurðsson.

1. gr.

2. og 3. málsgr. 6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á lögum nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt, að lagt er til í því, að niður falli úr 6. gr. laganna 2. og 3. málsgrein, en í þessum málsgreinum segir:

„Óheimilt er að reisa ný minkabúr, eftir að lög þessi koma til framkvæmda. Þeim, sem þá eiga löglega umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, er þó heimilt að

láta þau standa allt að þremur misserum, en þó aldrei lengur en Búnaðarfélag Íslands telur þau fullgilda vörzlu.

Þar, sem minkar eru nú geymdir í steinsteyptum húsum, má ala þá áfram í þeim allt að 5 ár, eftir að lög þessi koma til framkvæmda, sbr. þó 11. gr. laga nr. 56 25. maí 1949.“

Ef þessi breyting á lögnum verður samþykkt, verður loðdýrarækt og loðdýraeldi, þar á meðal minkarækt og minkaeldi, heimilað hér á landi að fullnægðum þeim skilyrðum, sem lögin setja. Um það segir meðal annars svo í 3. gr. laganna:

„Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits Búnaðarfélags Íslands.“

Loðdýrarækt hefur ætíð verið arðbær atvinnugrein á Norðurlöndum og víðar um heim. Sérstaklega hefur þó minkaeldi verið arðvænt. Hér á landi hefur þó ekki eins vel tekizt til, og hefur minkaeldi verið bannað með lögum um skeið af ástæðum, sem naumast eru frambærilegar. Hér ætti að vera sérstaklega hagstætt að stunda þessa atvinnugrein sökum þess, að fiskmeti er hér nóg fyrir hendi, en það er aðallega notað til þess að fódra minka og hefur nú nokkur allra síðustu árin verið útflutningsvara í þessu skyni. Kaupa Norðurlandabjórinnar, einkum Svíar, hér fiskúrgang handa eldisdýrum sínum og fiskimjöl, þegar fiskúrgangurinn hefur ekki hrokkið til.

Vöxturinn í framleiðslu minkaskinna hefur verið ótrúlega mikill á undanförunum árum. Kanada- og Bandaríkjamenn standa þar fremstir, en Norðurlöndin eru einnig drjúg, og eru Svíar og Norðmenn næstir. Ekki er vitað um þessa framleiðslu í Sovétríkjunum. Svíar hafa t. d. fimmfaldað framleiðslu sína af minkaskinum á s. l. fimm árum. Nemur nú útflutningur Svía og Norðmanna hvors um sig á ári um 500 millj. ísl. króna, og er það $\frac{1}{4}$ hluti af heildarútflutningi Íslendinga, slagar hátt upp í freðfiskútflutninginn, sem er langstærsti liðurinn í útflutningnum. Má af þessu marka, hve geysimikilvægt það væri fyrir landsmenn að hagnýta sér þá tekjulind, sem minkaeldi gæti verið. Það er engan veginn sagt, að Íslendingar gætu ekki komizt lengra í þessum efnium en þessar nágrannaþjóðir okkar, a. m. k. hafa þeir til þess miklu betri skilyrði, þar sem þeir hafa það mikilvægasta, fódrið, í miklu ríkari mæli en þær.

Lauslega áætlað falla hér til í landinu árlega 150000 lestir af fiskúrgangi, sem hentugur er fyrir minkafóður, en það er úrgangur úr þorski og ýsu og öðrum slíkum fiski. Úrgangur úr karfa og öðrum feitum fiski er ekki nothæfur, þar sem hann gerir skinnin gráleit vegna fitunnar. Það væri auðvitað sjálfsagt að nota allan fiskúrganginn til fódurs minka í landinu sjálfu, en til þess þyrfti sjálfsagt jafnmörg dýr og eru nú bæði í Svíþjóð og Noregi, eða um 2 millj. dýra.

Loðskinn hafa löngum verið eftirsótt tízkuvara hjá kvenþjóðinni og verða sjálfsagt um langan aldur. Nú er alltaf verið að ná lengra í því að kynbæta minkinn, og ganga hinar ótrúlegustu sögur um verð á hinum beztu skinum. Hefur heyrzt talað um jafnvel 3000 krónur fyrir skinnið, ef til vill enn meira. Í þeim tölum, sem hér hafa verið nefndar, hefur 600 króna meðalverð fyrir skinnið verið lagt til grundvallar, sem virðist vera meðalverð hjá Norðmönnum. Það eru engar líkur til þess, að ekki verði áfram mikil eftirspurn eftir minkaskinum.

Minkaeldi og allur aðbúnaður hefur tekið miklum framförum, síðan það var hér á landi. Nú er það eins og annað í atvinnuháttum menningarþjóða orðið mjög sjálfvirkt og krefst miklu minna mannahalds en áður. Aðbúnaður er einnig orðinn þannig, að telja má svo til útilokað, að dýr sleppi út. Þar sem minkaeldi er rekið af myndarskap, er ekki óalgennt, að menn hafi bú með 2000 dýrum. Það er á margan hátt hægt að standa að minkaeldi. Það getur verið sjálfstæður atvinnurekstur, en

það getur líka verið haft til að styðja annan atvinnurekstur, eins og búskap. Algengt er í Noregi og víðar, að bændur hafi minkaeldi jafnframt búskap sínum og hafi af því góðar tekjur. Mikilvægasta breytingin frá fyrri tíð er fyrst og fremst kynbæturnar, frágangur búanna og frystitæknin. Nú er frystiklefi jafnsjálfsagður við minkabú og hlaðan á kúa- eða fjárbúinu. Hér skal svo ekki farið frekar út í, hve mikilvæg atvinnugrein þetta gæti verið fyrir bændur og vel fallin til þess að geta keppt við vinnumarkaðinn í bæjunum, en aðeins bent á, hve afraksturinn af mink er mikill borið saman við fóðurtilkostnað, sem er lauslega áætlað ekki nema 200 krónur á skinn.

Það er ekki ósjaldan talað um, að auka þurfi fjölbreytni útflutningsins, og er það hverju orði sannara. Það mundi að vísu kosta mikið að ætla að koma t. d. upp — segjum á næstu 5—10 árum — 1½—2 millj. minka í eldi, eins og Svíar og Norðmenn hafa til samans, en myndarlegt átak væri það og mikilvægt fyrir þjóðina efnahagslega. Jafngilti það 1000 millj. kr. auknum útflutningi. En það er ef til vill fátt, sem krefðist jafnlitils stofnkostnaðar, borið saman við afrakstur, eins og minkaeldi.

Ef frumvarp þetta verður að lögum og leyft verður aftur minkaeldi, þyrfti ríkisstjórnin að gera tillögur um stofnlán til minkabúa. Þar kæmi aftur mikið í aðra hönd: Atvinna fyrir fjölda manns, arðbær atvinnurekstur fyrir eigandann og mikilvæg gjaldeyrisöflun fyrir þjóðina í heild. Ríkissjóður mundi líka uppskera sinn hlut, þar sem þessi útflutningur eins og annar mundi gefa honum miklar tolltekjur. Þá mundi jafnmikilvægur atvinnuvegur, rekinn í jafnstórum stíl og hér er aðstaða til, bæta lífskjörin almennt í landinu.

Í þessu sambandi tekur varla að minnast á villiminkinn. Hann er staðreynd, sem ekki verður umflúin, og það er sjálfsagt að halda áfram að reyna að útrýma honum, enda þótt sú barátta kosti nú orðið á fjórðu milljón króna. Það er engin ástæða til þess að halda eftir reynslu nágranna okkar af minnkaeldi, að svo til nokkur minkur sleppi út, eins og búiið er orðið um búrin. Menn mega ekki halda, að verið sé að kaupa mink og ala hann til þess að sleppa honum lausum.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, þyrfti ríkisstjórnin að senda 2—3 verkfræðinga til þess að kynna sér, hvernig minkabúrum og minkaeldi er bezt fyrir komið hjá öðrum þjóðum, og láta þá leiðbeina um byggingu búanna. Þá væri mikilvægt, að minkaframleiðendur mynduðu þegar með sér traustan félagsskap, til þess að tæknilegum og viðskiptalegum málefnum þeirra væri vel borgið.“